

Laugardaginn 22. júní 1946.

Nr. 24/1946. Þóra Borg Einarsson f. h. sjálfrar sín og sonar síns, Gunnars Borgþórs Gunnarssonar
(Óskar Borg cand. jur.)
gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök
(Hrl. Einar Baldvin Guðmundsson).

Setudómarar Kristján Kristjánsson borgarfó-
geti og próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna
Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Skaðabótamál samkvæmt lögum nr. 99/1943.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 21. febrúar þ. á., krefst þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða henni sjálfri kr. 100000.00 og henni f. h. sonar hennar, Gunnars Borgþórs Gunnarssonar, kr. 15070.35 ásamt 6% ársvöxtum af hvorri tveggja fjárhæð frá 15. desember 1944 til greiðsludags. Svo krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefur málinu með stefnu 21. febrúar þ. á., krefst aðallega sýknu, en til vara, að fjárhæð sú, sem dæmd var í héraði, verði lækkuð til mikilla muna. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Próf þau, sem ameríska herstjórnin hélt í máli þessu, hafa ekki fengizt til afnota í málinu.

Magnús Einarsson ók af Suðurlandsbraut út í hliðargötu við Hálogaland, áður víg það varð, er í málinu greinir. Var Gunnar heitin Einarsson farþegi í bíl hans. Austanvert við götu þá, sem þeir óku, voru hermannaskálar, og voru þeir félagar stöðvaðir af varðmönnum. Kveður Magnús þá féлага hafa skilið varðmennina svo, að þeim Gunnari væri leyft að halda áfram, enda hafi hann oft ekið götu þessa áður með leyfi varðmanna, en er þeir höfðu ekið nokkra metra, kvað við skot það, sem varð Gunnari Einarssyni að bana. Ekki

hafa verið leiddar að því sönnur, að þeir félagar hafi viljandi óhlýðnast boði varðmanna, enda kunna þeir að hafa misskilið varðmennina, þar sem þeir töluðu framandi mál. Eins og á stóð, bar varðmanninum því að gefa þeim Gunnari viðvörðun, er ekki yrði misskilin, t. d. með skoti fram hjá bilnum, áður enn hann beindi banvænu skoti að þeim í bilnum. Verður því að lita svo á, að varðmaðurinn eigi aðalsökina á víginu.

Þegar litið er á það, sem nú var sagt, og hagi aðaláfrýjanda, þykja fébætur henni til handa hæfilega ákveðnar kr. 65000.00. Fébætur til handa syni hennar, Gunnari Borgþór Gunnarssyni, ákveðast kr. 15070.35, svo sem krafizt hefur verið. Ber því að dæma gagnáfrýjanda til greiðslu hvorrar-veggja þessarar fjárhæðar ásamt 6% ársvöxtum frá 15. desember 1944 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma gagnáfrýjanda til greiðslu málskostnaðar, sem ákveðst samtals kr. 8000.00 í héraði og fyrir hæstarétti.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði aðaláfrýjanda, Þóru Borg Einarsson, sjálfri kr. 65000.00 og henni f. h. sonar hennar, Gunnars Borgþórs Gunnarssonar, kr. 15070.35 ásamt 6% ársvöxtum af hvorrarveggja fjárhæð frá 15. desember 1944 til greiðsludags og samtals kr. 8000.00 í málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. nóvember 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ. m., hefur Þóra Borg Einarsson, Laufásvegi 5 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 15. desember 1944, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gert þær dómkröfur, að stefnda verði gert að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð kr. 100000.00, svo og f. h. barns hennar, Gunnars Borgþórs, kr. 15070.05 sem framfærslueyri með því, ásamt 6%

ársvöxtum af hvorritveggja fjárhæð frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað að mati dómarans.

Stefndi hefur krafist *aðallega* sýknu og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans, en *til vara*, að sökinni á siðargreindum atburði verði skipt og hætur til stefnanda lækkaðar í samræmi við það.

Málavextir eru þessir:

Að kvöldi hins 14. marz 1942 var Gunnar Einarsson vélfræðingur, eiginmaður stefnanda, skotinn til bana af amerískum varðmanni, er hann ásamt Magnúsi Einarssyni framkvæmdarstjóra og í bifreið hans var á leið að Laufskálum við Engjaveg hér í bænum.

Nefndur Magnús hefur skýrt frá atburði þessum fyrir lögreglu-rétti Reykjavíkur á þá leið, að Gunnar heitin Einarsson hafi komið heim til hans að Sogamýrarbletti 54 hér í bæ umgetið kvöld kl. 21.00. Kveður hann þá hafa drukkið (nokkur smá staup) nokkuð af víni, er hann telur hafa verið „gin“, en þó það lítið, að hvorugur hafi fundið til vináhrifa, svo teljandi væri. Um kl. 22.15 hafi þeir báðir farið þaðan að heiman, og kveðst Magnús hafa ekið Gunnari í bifreið sinni, en það er fjögurra manna bifreið með stýrisútbúnaði hægra megin. Magnús kveðst þá aðeins hafa fundið til vináhrifa, en telur, að hæfi hans til bifreiðarstjórnar hafi ekki verið neitt ábóta vant. Hafi hann ekið, sem leið liggur, að Suðurlandsbraut, vestur hana, unz komið hafi verið móts við herbúðir þær, er setulið Bandaríkja N.-Ameríku höfðu þar og nefndust „Hálogaland camp“, en þar sveigt út af veginum til hægri. Kveðst hann hafa ætlað að aka eftir götuslóðum þeim, er liggja vestanvert við nefndar herbúðir, norður á Engjaveg að húsinu Laufskálar, er stendur skammt vestan við þann veg, en þangað hafi ferð þeirra Gunnars verið heitið að heimsækja fyrri konu hans og tvö börn þeirra. Segir Magnús, að rétt norðan við Suðurlandsbraut hafi bandarískur varðmaður, sem stóð nálægt varðmannsbyrgi þar, stöðvað bifreiðina. Hafi varðmaðurinn komið að hægri hlið hennar og spurt, hvert ferðinni væri heitið. Hafi þeir Gunnar þá svarað samtímis, að þeir ætluðu að Laufskálum. Hafi varðmaðurinn þá sagt eitthvað, er Magnús hafi ekki tekið vel eftir, enda skilji hann illa ensku, og hafi Gunnar svarað því einhverju, en varðmaðurinn hafi þá sagt „all-right“, og gengið frá bifreiðinni. Kveðst Magnús hafa skilið þetta á þann veg, að þeir mættu halda áfram ferð sinni, og hafi hann ekið af stað. En er hann hafði ekið um fjórar bifreiðalengdir, hafi annar varðmaður stöðvað bifreiðina. Hafi sá komið að vinstri hlið bifreiðarinnar og talað við Gunnar gegnum rúðuop framhurðar bifreiðarinnar. Magnús kveðst ekki hafa fylgt með því, er þeim fór á milli, en segir, að hvor hafi sagt þrjár eða fjórar setningar. Að því búnu hafi Gunnar sagt, að allt væri í lagi, og um leið hafi varðmaðurinn vikið frá bifreiðinni. Hafi hann þá enn

ekið af stað, en er bifreiðin hafði farið þrjár eða fjórar lengdir sínar, hafi kveðið við skot. Kveðst hann fyrst hafa haldið, að skot þetta væri þeim óviðkomandi, en þó stöðvað bifreiðina þegar í stað, en þá um leið tekið eftir því, að framrúða bifreiðarinnar var öll sprungin. Í sama bili hafi Gunnar hnigið að vinstri öxl hans og blóð lagað úr vitum hans. Hafi hann þá þreifað á höfði Gunnars og fundið skotsár á hnakka hans. Um leið hafi margir Bandaríkjahermenn komið þarna að, og hafi einhverjir þeirra tekið Gunnar út úr bifreiðinni, og telur Magnús, að hann hafi þá verið dáinn. Magnús kveðst mjög oft áður þenna vetur hafa ekið þessa leið að Laufskálum bæði að degi til og að kvöldlagi. Hafi varðmenn þá ætið stöðvað sig og spurt, hvert ferðinni væri heitið, en svo alltaf leyft sér að halda áfram án frekari aðgerða.

Telur stefnandi, að, eins og atburðum sé lýst hér að framan, sé ljóst, að varðmaður sá, er viðurkennt sé í málinu, að skotið hafi umræddu skoti, er leiddi Gunnar til dauða, eigi einn sök á atburði þessum, en samkvæmt lögum nr. 99 frá 1943 beri stefnda að bæta henni það tjón, er hún hafi beðið vegna atburðarins. Þá hefur stefnandi hreyft því við munnlegan flutning málsins, að stefndi beri sjálfstæða bótaábyrgð á verknaði þessum utan fyrrgreindra lagaákvæða. Kveður hún, að Bandaríki N.-Ameríku hafi að beiðni íslenzku ríkisstjórnarinnar tekið að sér hvernd landsins, og byggist vera herliðsins hér á landi á samningi milli ríkjanna. Í 4. gr. samnings þessa segir m. a. svo: „Bandaríkin skuldbinda sig til að haga vörnum landsins þannig, að þær veiti íbúum þess eins mikið öryggi og frekast er unnt og að þeir verði fyrir sem minnstum truflunum af völdum hernaðaraðgerða, og séu þær gerðar í samráði við íslensk stjórnarvöld að svo miklu leyti sem mögulegt er.“ Enn fremur segir síðar í sömu grein: „Hernaðaryfirvöldunum ætti einnig að vera gefin fyrirmæli um að hafa í huga, að Íslendingar hafa ekki vanizt vopnaburði öldum saman, og að þeir eru með öllu óvanir heraga, og skal umgengni herliðsins gagnvart íbúum landins hagað í samræmi við það.“ Þessi ákvæði samningsins hafi verið vanefnd af báðum aðiljum, þar eð íslenzka ríkisstjórnin hafi ekki fylgt með, hvernig herliðið beitti heraganum við íbúa landsins, og Bandaríkin hafi ekki tekið neitt tillit til þess, að Íslendingar voru óvanir heraga, sem sjáist á því, að varðmönnum hafi verið heimilt að beita hvaða ráðstöfunum sem væri til þess að hefta för þeirra inn á yfirráðasvæði setuliðsins. Telur stefnandi þetta vera orsök dauða Gunnars, og sé stefndi þegar af þeirri ástæðu bótaskyldur. Hins vegar hefur stefnandi takmarkað fjárhæð hvorrar kröfu innan ramma þess, er lög nr. 99 frá 1943, sbr. lög nr. 65 frá 1944, setja um fjárhæð bótanna.

Stefndi byggir aðalkröfu sína á því, að við hlið allra herbúða Bandaríkjalíðsins hefi verði aðvörun, bæði á íslenzku og ensku,

um, að aðgangur væri bannaður og að vopnaðir hermenn væru á verði, og því hljóti almenningi fljótt að hafa orðið ljóst, að ekki mætti fara inn á þessi svæði, nema skýlaust leyfi væri fengið hjá viðkomandi varðmönnum. Þessa hafi þeir Gunnar og Magnús ekki gætt, enda segir í skýrslu herstjórnarinnar um þetta atriði, að varðmaðurinn hafi ekki gefið þeim leyfi til að halda áfram ferðinni, og mótmælir stefndi framburði Magnúsar um þetta atriði. Þá sé og ljóst af þeim framburði konu Magnúsar, að hún hafi séð vínáhrif á Gunnari, er hann kom til þeirra um kvöldið, og framburði Magnúsar um áfengisneyzlu þeirra Gunnars og áhrifa hennar á sig, að þeir hafi báðir verið undir vínáhrifum, er þeir óku inn í herbúðirnar, og þó sérstaklega Gunnar. Telur stefndi, að þessi vanræksla þeirra félaga um öflun skýlauss leyfis til ferðarinnar gegnum herbúðirnar, sem helzt verði rakin til vínáhrifa þeirra, sé slík, að varðmanninum verði ekki kennt um, hvernig fór, og beri stefndi því enga ábyrgð á tjóni því, er af verknaðinum hlaut.

Strax eftir atburð þenna hófst rannsókn fyrir rétti setuliðs Bandaríkjanna. Lyktaði henni með sýknu varðmannsins, en þau gögn hefur herstjórnin neitað að láta í té til afnota í máli þessu.

Því er ómótmælt haldið fram af hálfu stefnanda, að eigi hafi verið hægt að komast að húsinu Laufskálum annan veg en gegnum herbúðir þessar. Telja verður því, að varðmönnum herbúðanna hljóti að hafa verið ljóst, að islenzkt fólk, sem ætlaði að nefndu húsi, gerði að öðru jöfnu ráð fyrir að fá að fara ferða sinna gegnum herbúðirnar, og bar þeim því sérstaklega að gæta þess, að fyrirskipanir þeirra, að því er umferð varðaði, væru það glöggar, að þær yrðu ekki misskildar. Af hálfu stefnda hefur því hins vegar verið haldið fram, að varðmennirnir hafi greinilega sagt þeim Gunnari og Magnúsi, að þeim væri ekki heimilaður aðgangur, og hefur stefnanda ekki tekizt að færa sannanir á hið gagnstæða.

Leitt er í ljós við rannsókn málsins, að hermaður sá, er skaut á bifreiðina, var sá varðmaðurinn, sem fyrr stöðvaði hana. Stefnandi hefur ómótmælt haldið því fram, að samkvæmt mælingu setuliðsmanna Bandaríkjahersins hafi staður bifreiðarinnar, er hún var stöðvuð, eftir að slysið vildi til, verið 14.7 metrar innan við hlið herbúðanna.

Það verður að líta svo á með hliðsjón af vegalengd þeirri, er bifreiðin var komin inn í herbúðirnar, svo og því, að hún var stöðvuð aftur af öðrum varðmanni, áður en skotið reið af, að varðmaðurinn hafi orðið offari í aðferð þeirri, er hann beitti til að hindra ferð þeirra Gunnars, enda hljóti honum að hafa verið ljóst, að afleiðing skotsins kynni að geta orðið slík, sem raun bar vitni. Verður því að telja, að varðmaðurinn eigi nokkra sök á atburðinum.

Hins vegar eru, eins og áður er sagt, ekki færðar sönnur á það

gegn eindregnum mótmælum stefnda, að varðmenn setuliðsins hafi veitt þeim Gunnari og Magnúsi leyfi til umferðar um herbúðirnar í umrætt skipti, og verður því að telja, að þeir Gunnar hafi einnig átt nokkra sök á, hvernig fór.

Með skirskotun til framanritaðs og með hliðsjón af atvikum öllum þykja þeir Gunnar heitinn og varðmaðurinn, sem skaut, eiga að jöfnu sök á slysi þessu. Ber því stefnda að greiða stefnanda helming þess tjóns, er hún hefur beðið af atburði þessum, enda ekki véfengt, að lög nr. 99 frá 1943 og lög nr. 65 frá 1944 komi hér til.

Stefnandi hefur látið reikna út dánarbótakröfu sína vegna fráfalls manns síns, og nemur hún kr. 158559.30, svo og framfærslukröfu barnsins, og nemur hún kr. 15070.05, en, eins og fyrr greinir, hefur hún takmarkað bótakröfu sína persónulega við kr. 100000.00.

Stefndi hefur ekki véfengt framfærslukröfu barnsins, að því er tölulega fjárhæð hennar varðar, og verður hún því lögð óbreytt til grundvallar. Stefndi hefur hins vegar mótmælt bótakröfu stefnanda á þeim grundvelli, að fyrrgreind lög verði að skilja á þann veg, að einn og sami verknaður geti ekki leitt af sér hærri fjárröfu á hendur ríkissjóði en kr. 100000.00. Þá hefur stefndi mótmælt bótakröfunni sem of hárrí.

Það er upp komið í málinu, að Gunnar heitinn Einarsson var 35 ára að aldri, er hann lézt. Hann var vélfræðingur að mennt og starfaði hjá Kol & Salt h/f hér í bæ. Árið 1941 námu atvinnutekjur hans kr. 14346.25 og 2½ mánuð ársins 1942 kr. 4164.46. Með hliðsjón af þessu svo og því, að eigi er fram komið annað en að Gunnar hafi verið heilsuhraustur, þykir tjón það, er stefnandi hefur beðið vegna dauða manns hennar, bætur fyrir þjáningar hennar og röskun á stöðu og högum hæfilega ákveðnar kr. 60000.00.

Ber stefnda því samkvæmt framansögðu að greiða stefnanda helming af kr. 60000.00, eða kr. 30000.00, svo og vegna ófjárráða sonar hennar, Gunnars Borgþórs, helming af kr. 15070.05, eða kr. 7535.03, með 6% ársvöxtum af hvorri fjárhæð, eins og krafist er, frá stefnudegi til greiðsludags. Þá þykir og rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 2800.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Þóru Borg Einarsson, persónulega kr. 30000.00 og f. h. ófjárráða sonar hennar, Gunnars Borgþórs, kr. 7535.03 með 6% ársvöxtum af hvorri fjárhæð frá 15. desember 1944 til greiðsludags og kr. 2800.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.